

Nr. 125 / 11 Hellnavík AK 59**Leki og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1913
 IMO nr. 0
 Smíðaður: Njarðvík 1988 stál
 Stærð: 12,7 brl. 18,5 bt.
 Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 12,74 m
 Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,9 m
 Vél: Caterpillar 158 kW, 1988
 Fjöldi skipverja: 1



Hellnavík ©Alfons Finnsson

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. október 2011 var Hellnavík AK 59 á siglingu í Húnaflóa. Veður:

Verið var að sigla bátum frá Norðurfirði til Skagastrandar en þegar komið var á leiðis austur í Húnaflóa varð skipstjóri var við að sjór var kominn í vélarúmið. Hann setti austurdælu í gang en þrátt fyrir það jókst austurinn stöðugt og var farinn að ganga yfir gírinn. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Húnabjörg dró Hellnavík AK til Skagastrandar.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt teikningu er vélarúm vatnshelt rými sem er á milli banda 8 og 14 og að mestu undir stýrishúsinu. Stefnisrörið kemur í gegnum þil á bandi 8. Sjókæld burðarlega úr gúmmí er í framhluta rörsins en framan við hana er ¾'' tenging við sjókælikerfi vélarinnar en ætlað streymi um legurnar er 180 l/mín. Kælisjórinn streymir um leguna með yfirþrýstingi og streymir síðan um samskonar burðarlegu (skutlegu) í afturhluta stefnisrörsins til kælingar og „smurningar“. Framan við inntakið á kælisjónum í stefnisrörið eru fjórir hringir af tólgarpakkningu („Lighthouse“ pakkning pat 67) til þéttingar á skruðuásnum og er þéttingunni (þrýstingi) stjórnað með kraga og tveimur skrúfboltum sem þarf að herða hæfilega eftir þörfum;
- að sögn skipstjóra og eiganda, sem var ekki um borð, var ekki hert á öxulpakkningunni fyrir eða á siglingunni og ekki vitað hvort lekinn var við hana;

- að eigandi bátsins var ekki meðvitaður um að það þurfti að fylgjast með þessari þakkingu og herða á henni þegar færi að leka;
- að skipstjóri sagði að austrinum hafi verið dælt úr vélarrúminu við komu til hafnar því á siglingunni hafi dælan alltaf tekið loft og við það misst sog. Eftir að vélarrúmið var þurrausið var enginn austur í lestinni.

Nefndarálit:

Nefndin getur ekki fullyrt um ástæður lekans en telur líklegt að hann verið með öxulþakkingu.

Nefndin telur alvarlegt að austurbúnaður bátsins hafi ekki virkað sem skyldi.